

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir samið og samþykkt er hjer-
með staðfest.

8
11. febr.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 11. febr. 1920.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Endurskoðuð reglugjörð

9
21. febr.

fyrir vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar.

1. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta, felur bæjarstjórnin 3ja manna nefnd úr sínum flokki.

2. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til húsaskatts og vatni er veitt í, eða standa svo nærri vatnsæðum, að þær sjeu nothæfar til eldvarnar, skal greiða vatnsskatt, enda eiga húseigendur rjett á að fa vatnsæð lagða að húsvegg, ef íbúð er í húsinu. Skatturinn skal lagður á eftir brunabótavirðingu húsanna og greiðist með 3,5 p. m. af fyrstu 20000 kr. virðingarverðsins, en með 2 p. m, af því, sem fram yfir er. Þegar svo er ástatt að einn er eigandi að fleiri húsum er standa í hvirfingu á sömu lóð, og notuð eru til sama atvinnureksturs — enda sje eigi búð nema í einu þeirra — þá reiknast 2 p. m. af því, sem fram yfir er 20000 kr. af samanlögðu virðingarverði húsanna.

Auk þess greiða húseigendur 1 kr. árlega fyrir hvern mann, sem býr í húsum þeirra þegar manntal er tekið næst áður en niðurfjöfnun skattsins fer fram.

Nú hrökkva ekki tekjur vatnsveitunnar fyrir gjöldum og getur þá bæjarstjórnin ákveðið fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskatt þennan um alt að 20%.

3. gr.

Fyrir öll vatnsafnot, sem fram yfir er venjulegar heimilisþarfir skal gjaldið ákveðið með samningi við bæjarstjórnina. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal greiða:

- fyrir vatn í síldarpækil 8 aura og kjötpækil 10 aura fyrir hverja tunnu síldar eða kjöts.
- fyrir vatn til fiskþvottar 25 aura fyrir hvert skippund.
- fyrir vatn til annarar notkunar eftir mati þannig að 3 kr. greiðist fyrir hverja 100 hektolitra upp að 10000 hektolitrum, en minna fyrir það, sem umfram er, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunefndarinnar og eftir því hve mikið er notað. Notandi má hafa löggiltan vatnsmælir.

Enginn má setja hreyfivjelar í samband við vatnsæðarnar án leyfis bæjarstjórnarinnar.

9

21. febr.

Gjaldldagi á vatnsskatti skal vera 1. apríl og 1. október ár hvert og greiðist helmingur skattsins á hvorum gjalddaga um sig.

Vatnsskatt má taka lögtaki og má byrja á að gera lögtak á hinu skattskylda húsi, án tillits til eigendaskifta.

5. gr.

Fyrir vatn til skipa, skal greiða við afhendingu 3. kr. fyrir hverja smálest, þó eigi minna í hvert skifti en 10 kr. fyrir fiskveiðaskip 20 kr. fyrir öll önnur skip.

Vatnsveitunefnd getur þó fyrir eitt ár í senn eða skemri tíma gert samning við eigendur eða umráðamenn skipa um árgjöld eða mánaðargjald af skipum,

6. gr.

Bæjarstjórnin löggildir menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þurfa þykir, til þess að leggja vatnsæðar þær, er vatnsveitan eða einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar bæjarins, og sjeu þeir skyldir að hlíta vinnukaupstaxta þeim, er bæjarstjórnin kann að setja og að öðru leyti fari eftir reglum þeim, er bæjarstjórnin setur. Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa löggildingu, mega leggja æðar frá bæjarvatnsveitunni í hús eða um þau, eða gera breytingar á vatnsæðum.

7. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Hann skal sjerstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Engin má eyða vatni að óþörfu.

8. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni og löggiltum innlagningarmönnum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í samband við þær.

Ef þeim þykir útbúnaði að einhverju leiti ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað húseiganda.

9. gr.

Bæjarstjórninni er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka á pípum eða tækjum, sem eru í sambandi við þær, eða eyða vatni að óþörfu, og enn fremur fyrir þeim, sem ekki greiða vatnsskatt á rjettum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig þann tíma, sem vatnsæðunum er lokað.

10. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis umsjónarmanns hennar.

11. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugjörð fyrir Akureyrarkaupstað um

niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts, notkun vatns úr bæjarvatnsveitunni, meðferð á vatnsæðum o. fl., frá 23. maí 1917.

9
21. febr.

Reglugjörð þessi sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 83, 22. nóv. 1907 staðfestist hjer með til að öðlast gildi 1. apríl 1920.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 21. febr. 1920.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Samþykkt

10
10. mars

um þyngd bakarabrauða í Hafnarfirði.

1. gr.

Samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í lögum 16. mars 1917, um þyngd bakarabrauða, hefir bæjarstjórnin í Hafnarfirði ákveðið, að þyngd bakarabrauða í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar skuli vera sem hjer segir:

1. Rúgbrauð, heil	3000 grömm
2. — hálf	1500 —
3. Franskbrauð, heil,	500 —
4. — hálf	250 —
5. Sigtibrauð, heil ...	500 —
6. — hálf	250 —
7. Súrbrauð heil	500 —
8. — hálf	250 —
9. Landbrauð, heil	500 —
10. — hálf	250 —
11. Normalbrauð og hálsigtirúgbrauð, heil	2500 —
12. — — hálf	1250 —
13. Hveitihleifar	1500 —

2. gr.

Óheimilt er að selja brauð, sem hafa aðra þyngd en þá, sem ákveðin er í 1. gr., er þau eru vegin nýbökuð, en þó kólnuð svo, að vel megi handleika þau berum höndum. — Mega brauðin eigi hafa meira vatn í sjer, er þau eru vegin, en 38% —